



Ársskýrsla Beta-deildar 2008–2009

Stjórn deildarinnar þetta starfsár skipuðu:

Eygló Björnsdóttir formaður

Guðrún H. Björnsdóttir varaformaður

Þorgerður Sigurðardóttir ritari

Sigrún Aðalgeirsdóttir meðstjórnandi

Jóhanna Þorsteinsdóttir gjaldkeri.

Með stjórninni starfaði fráfarandi formaður María Steingrímsdóttir

Stjórnarskipti urðu á árinu og er þetta því fyrra starfsár sitjandi stjórnar.

Vetrarstarf Betadeildar hófst þann 16. september með fyrsta fundinum á þessu starfsári. Meðal efnis þessa fundar var liðurinn „*Kynning á þróunarstarfi í leikskóla*“. Anna R. Árnadóttir skólastjóri leikskólans Króabóls mætti á fundinn og sagði frá þróunarverkefni sem skólinn vann að og fékk viðurkenningu fyrir 1. júní 2007, en viðurkenningin veitir þeim rétt til að kalla sig *heilsuleikskóli*. Einnig var á þessum fundi kynnt starfsáætlun vetrarins. Á dagskrá starfsársins eru átta fundir og var ákveðið í upphafi að tilgreina ekkert sérstakt meginþema, heldur halda áfram að styrkja okkur sjálfar og efla samkennd innan hópsins og út á við, við aðrar deildir.

Sem lið í að efla samkennd út á við var ákveðið að hitta Zetasystur á sameiginlegum fundi í Mývatnssveit þann 4. október. Í fyrrahaust var ætlunin að halda slíkan fund en þá brast hann á með stórhrið þannig að fresta varð fundinum. Var því ekki laust við að aðeins færi um okkur kvöldið fyrir fundinn þegar byrjaði að blása af norðri og snjóa. Héldum við að enn á ný yrði ef til vill að fresta þessum sameiginlega fundi. Sem betur fer hafði þó létt til þegar við vöknudum á laugardagsmorgninum og í Mývatnssveit vorum við komnar um hádegisbil. Fundurinn hófst með sameiginlegu borðhaldi og undir borðum var slegið á léttu strengi ásamt því að landssambandsforseti flutti okkur fréttir af starfi landssambandsins og einnig rakti hún í stuttu máli ferð sína og sjö annarra DKG systra til Chicago í sumar á þing alþjóðasambandsins. Að borðhaldi loknu fórum við í stutta gönguferð og nutum hinnar fögru náttúru Mývatnssveitar. Ferðin endaði á heimsókn í fuglasafn Sigurgeirs.

Nóvemberfundurinn var haldinn í Menntaskólanum á Akureyri. *Nýútskrifaði kennarinn. Hvernig getum við stutt hann í starfi?* átti að vera viðfangsefnið á fundinum. María Steingrímsdóttir sem rannsakað hefur kennara á fyrsta starfsári ætlaði að stjórna þeirri vinnu. Því miður vorum við svo óheppnar að María veiktist sama dag og var því vinnu með þennan lið frestað þar til síðar. Í staðinn notuðum við tímann og ræddum ýmis mál sem varða deildina. Anna Þóra sagði okkur fréttir frá landssambandsstjórn og einnig ræddum við hvaða áherslur við vildum sjá í starfi deildarinnar. Kom fram mikill áhugi á að hafa leshringi á hverjum vetri og jafnvel oftari en einu sinni, einnig var rætt um sjálfstyrkingu og var áhugi fyrir hvers konar umfjöllun um þann þátt.

Jólafundurinn okkar var haldinn 3. desember og var hátíðlegur að vanda. Hann hófst með því að tveir nýir félagar voru teknir inn í deildina, þær Björk Sigurðardóttir og María Gunnarsdóttir. Það er orðin einskonar hefð á jólafundi að fá til okkar gesti sem kynna fyrir okkur jóla- eða trúarsíði annarra þjóða. Að þessu sinni var gestur okkar Deborah Julia Robinson frá Suður Afríku en hún býr í Eyjafjarðarsveit og hefur búið á Íslandi í 20 ár. Hún las frumsamda sögu um minningar sínar frá jólum í Suður Afríku þegar hún var 10 ára gömul. Þar komu fram ýmsir jólasíðir og hefðir sem tengjast jólum þar í landi sem hún útskýrði nánar og bætti við frásögnina. Að vanda snæddum við saman ljúffengar „jólakrásir“ og rifjuðum upp jólalögin inn á milli atriða.

Sá síður hefur haldist í Betadeild að halda svokallaðan bókafund í janúar. Á þessum fundi kynna félagskonur þær bækur sem þær hafa lesið nýlega. Þetta hefur verið vinsælt fundarefni og þessi fundur ævinlega vel sóttur. Bókafundurinn í ár var haldinn 15. janúar á heimili ritara deildarinnar, Þorgerðar Sigurðardóttur. Fundarkonur kynntu margar áhugaverðar bækur og voru Betakonur greinilega vel lesnar. Lista yfir bækurnar má sjá á heimasíðu Betadeildar.

Fundur deildarinnar þann 23. febrúar var haldinn í Glerárskóla. Þá komu til okkar tveir iðjuþjálfar sem starfa í grunnskólum hér á Akureyri. Þær kynntu fyrir okkur þá fjölbreyttu starfsemi sem iðjuþjálfar hafa með höndum í þeim grunnskólum sem bjóða upp á þjónustu iðjuþjálfra. Einnig sýndu þær okkur hin ýmsu hjálpargögn sem þær nýta í starfi sínu til hagsbóta fyrir skjólastæðinga sína. Var þar margt forvitnilegt að sjá og áhugavert að kynnst starfi þeirra.

Marsfundurinn var haldinn í Giljaskóla 31. mars. Á fundinn mætti séra Sólveig Halla Kristjánsdóttir og fjallaði um það hvernig við getum ræktað með okkur jákvæðni og

átt jákvæð og gefandi samskipti við umhverfi okkar. Auk framsögu sem hún hafði um þetta efni stjórnaði hún einnig stuttri æfingu eða leik sem hún lét Betasystur taka þátt í til að styrkja jákvæðan hugsunarhátt. Var gerður góður rómur að innleggi Sólveigar Höllu og áttu Betasystur saman notalega stund.

Þar sem ekki hafði fundist rúm í dagskránni þetta starfsár til að halda leshrings-fund, var ákveðið á bókafundum í janúar að hafa leshringsfund utan hefðbundinnar dagskrár og hittast á kaffihúsinu Café Karólínu hér á Akureyri mánudaginn 20. apríl til að ræða þær bækur sem valdar voru, en það voru bækurnar *Glerkastalinn* eftir Jeannette Walls og *Kona fer til læknis* eftir Ray Kluun. Mæting var frjáls og fundurinn ekki skráður í fundargerðarbók deildarinnar. Þrátt fyrir að fundurinn væri utan hefðbundinnar dagskrár var vel mætt á fundinn og Betasystur tóku góðan þátt í umræðum um þær bækur sem voru til umfjöllunar.

Þar sem maímánuður er helgaður landssambandsþingi á Hallormsstað 16. og 17. maí mun lokafundur Betadeildar sem jafnframt er aðalfundur deildarinnar verða haldinn 5. júní heima hjá Önnu Þóru Baldursdóttur. Á þessum lokafundi hefur sú hefð skapast að gera sér sérstaklega glaðan dag og borða saman hátíðarmáltíð. Konur skipta með sér að koma með veitingar og er vægt til orða tekið að segja að veitingar eru ávallt hinar glæsilegustu.

Auk þeirra viðfangsefna sem þegar hafa verið talin upp öfluðum við fjár á hefðbundinn hátt í formi happdrættis þar sem safnað er í eigin sjóð m.a. til styrktar Betasystrum á hin ýmsu þing samtakanna. Þennan vetur eins og undanfarna vetur hefur einnig lítil pyngja gengið á milli kvenna á fundum í þeim tilgangi að safna fé til styrktar stúlkum í Afríku. Að aðalfundi loknum er UNICEF færður sjóðurinn.

Þetta starfsár var mjög góð mæting Beta systra á fundi og hafa þær verið virkar og tilbúnar að vinna að verkefnum samtakanna. Áhersla er lögð á að virkja allar konur með einum eða öðrum hætti í vetrarstarfinu.

Tvær nýjar félagskonur voru teknar inn í deildina á jólafundi eins og fram kemur hér fyrir í skýrslunni en einnig ákváðu tvær félagskonur, þær Magna Guðmundsdóttir og Ragnheiður Kærnested að taka sér frí frá samtökunum að sinni vegna anna á öðrum vettvangi og hafa því sagt sig úr samtökunum.

Betadeild átti fulltrúa í landssambandsstjórn þetta starfsár; Anna Þóra Baldursdóttir sem forseti landssambandsins og Ingibjörg Auðunsdóttir sem 2. varaforseti. Nokkrar Betasystur störfuðu í fastanefndum samtakanna: Jóhanna Þorsteinsdóttir sem formaður námsstyrkjasjóðs, Sigrún Aðalgeirsdóttir í félaga- og

útbreiðslunefnd og Jórunn Elísdóttir í menntamálanefnd einnig á Helga Thorlacius á sæti í European Forum. Eygló Björnsdóttir, núverandi formaður Betadeildar, gegnir starfi vefstjóra landsambandsins og Betadeildar.

Að lokum minnum við á vefsíðu Betadeildar sem finna má á slóðinni:
<http://dkg.muna.is/betadeild>

Fleira segir ekki af starfi Betadeildar þetta starfsár.

Akureyri, 01. maí 2009.

Fyrir hönd Betadeildar
Eygló Björnsdóttir formaður.